

Fundargerð

Árið 2025, fimmtudaginn 27. nóvember kl. 13:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Ásta Stefánsdóttir.

Gestur fundarins: Guðjón Bragason lögfræðingur.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Vatnsveitur á lögbýlum

Greint var frá því að vinna standi yfir við að færa umsýslu vegna framlaga vatnsveitna á lögbýlum frá Matvælastofnun yfir til Byggðastofnunar. Í kjölfarið muni öll umsýsla og veiting framlaga heyra undir Byggðastofnun en niðurstöður verði kærarlegar til innviðaráðuneytisins.

2. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Guðjón Bragason fór yfir drög að nýrri reglugerð um sjóðinn og helstu breytingar. Eins og fram kom á fundi nefndarinnar 21. nóvember verða settar tvær reglugerðir, ein um Jöfnunarsjóðs og önnur um ný almenn jöfnunarframlög sjóðsins. Í reglugerð um Jöfnunarsjóð er leitast við að setja ítarlegri ákvæði um starfsemi sjóðsins.

Eftir kynningu og umræðu var starfsmönnum falið að kynna Sambandi íslenskra sveitarfélaga drög að reglugerð áður en birting reglugerðarinnar verður lögð fram í samráðsgátt.

3. Ný reglugerð um Jöfnunarframlög

Guðjón Bragason fór yfir drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarframlög. Áður voru ákvæði um tekju- og útgjaldajöfnunarframlög hluti af reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar sem ákvæði um almenn jöfnunarframlög eru ítarlega útfærð í lögunum er reglugerðin að mestu samhljóða lögunum.

Eftir kynningu og umræðu var starfsmönnum falið að kynna Sambandi íslenskra sveitarfélaga drög að reglugerð áður en birting reglugerðarinnar verður lögð fram í samráðsgátt.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:56.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir